

Dagskrá og tillögur til ársfundar Eftirlaunasjóðs FÍA 2024

Ársfundur EFÍA verður haldinn föstudaginn 15. maí 2024 kl. 12.00 að Hlíðarsmára 8 í Kópavogi.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur kynntur
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna
5. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins
6. Stjórnarkjör
7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna
8. Tillaga um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanna í endurskoðunarnefnd
9. Val endurskoðanda
10. Önnur mál

Tillögur sem liggja fyrir fundinum:

2. dagskrárliður - Ársreikningur

Stjórn EFÍA leggur til við ársfund þann 31. maí 2024 að ársreikningur fyrir árið 2023 verði samþykktur.

5. dagskrárliður - Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn EFÍA leggur til breytingar á samþykktum sjóðsins og leggur til að þær verði samþykktar af ársfundi. Tillögur stjórnar EFÍA eru birtar í sérstöku fylgiskjali við þetta skjal.

6. dagskrárliður – Stjórnarkjör

Stjórnarkosningar verða með rafrænum hætti, kosningavef verður stillt upp á heimasíðu sjóðsins og auðkenna sjóðfélagar sig inn í kjörklefann með rafrænum skilríkjum eða íslykli.

- Opnað verður fyrir kosningu kl. 13:00 föstudaginn 31. maí 2024
- Kosning standur til kl. 13:00 föstudaginn 7. júní 2024

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu EFÍA.

7. dagskrárliður – Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna

Í stjórn EFÍA eiga sæti tveir aðalmenn og tveir varamenn sem Ícelandair tilnefnir til eins árs. Stjórnarmenn tilnefndir af Ícelandair 2024:

Aðalmenn tilnefndir til eins árs:

- Sigrún Hjartardóttir
- Magnús Jón Magnússon

Varamenn tilnefndir til eins árs:

- Ari Guðjónsson
- Íris Hulda Þórisdóttir

Laun stjórnarmanna:

Stjórn EFÍA leggur til við Ársfund þann 31. maí 2024 að stjórnar- og nefndarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

Tillaga um þóknun stjórnarmanna og fyrir setu í endurskoðunarnefnd:

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

- | | |
|-------------------------------|-------------|
| • Formaður | 385.269 kr. |
| • Varaformaður | 288.952 kr. |
| • Stjórnarmaður | 192.632 kr. |
| • Varamenn, ef þeir taka sæti | 192.632 kr. |
| • Varamenn (fyrir hvern fund) | 61.643 kr. |

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

- Stjórnarmaður 61.312kr.

Greinargerð:

Tillagan felur í sér að þóknun hækkar um 6,5% frá fyrra starfsári. Venju samkvæmt er vegna þeirrar hækkunar litið til til tveggja atriða, annars vegar meðaltal hækkunar félaga sem eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands, en sú hækkun nemur 4,2%. Hins vegar er litið til hækkunar á launavísitölu sem hefur hækkað um 9,8% á tímabilinu.

8. dagskrárliður – Tillaga um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Vegna breytingu á lögum liggur fyrir að ef það á að skipa einstaklinga í endurskoðunarnefnd sem eru ekki stjórnarmenn, þá skulu þeir tilnefndir í endurskoðunarnefnd af ársfundi lífeyrissjóðs.

Stjórn sjóðsins gerir það að tillögu sinni að:

- Sigríður Einarsdóttir, og
- Guðlaugur Sigurðsson

verði tilnefnd í endurskoðunarnefnd.

9. dagskrárliður – Val endurskoðanda

Stjórn EFÍA leggur til við ársfund þann 31. maí 2024 að Davíð Arnar Einarsson, einn eiganda Grant Thornton endurskodun ehf., verði endurskoðandi sjóðsins.

- 0 -